

Mál nr. 41/2006

**M
og
Vátryggingafélagið X vegna A
og
Vátryggingafélagið Y vegna B**

Árekstur Kaplaskjólsvégi þann 30.01. 2006.

Gögn.

1. Málskot móttakið 27.02. 2006, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf vátryggingafélags A til nefndarinnar, dags. 03.03. 2006, ásamt fylgiskjölum.
3. Tölvupóstur vátryggingafélags B til nefndarinnar, dags. 13.03. 2006.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og afstöðu aðila.

Samkvæmt skýrslu lögreglu var A ekið vestur akleidd út af bifreiðastæði við Kaplaskjólsvæg 27-31, B var ekið vestur Hagamel inn á Kaplaskjólsvæg til suðurs og beygt til vinstri í átt að húsagötu til suðurs frá Kaplaskjólsvégi 27.

Haft er m.a. eftir ökumanni A í skýrslu lögreglu að hann ”hafi ekki vitað fyrr en ökutæki hans hafi lent á vinstri hlið B”.

M og vátryggingafélag A telja að ökumaður B beri ábyrgð á árekstrinum, bifreiðin hafi verið staðsett of innanlega þ.e. ökumaðurinn hafi tekið of þrönga vinstri beygju.

Vátryggingafélag B telur að A beri ábyrgð árekstrinum þar sem bifreiðinni er ekið af bifreiðastæði á vinstri hlið B.

Álit.

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum verður ekki ráðið um nákvæma staðsetningu bifreiðanna. Ökumanni A bar að veita umferð um Kaplaskjólsvæg forgang sbr. 3. mgr. 25. gr. umferðarlaga. Framburður ökumanns A í skýrslu lögreglu gefur til kynna að hann hafi ekki hugað nægjanlega að því sem framundan var. Með hliðsjón af framanrituðu ber ökumaður A ábyrgð á árekstrinum.

Niðurstaða.

Ökumaður A ber ábyrgð á árekstrinum.

Reykjavík 4. apríl 2006

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.